

2. gr.

Við færslu milli launaflokka skulu sömu reglur gilda fyrir konur sem karla.

3. gr.

Skrifstofustörf öll og afgreiðslustörf í verzlunum skulu greidd sama kaupi, hvort sem þau eru unnin af konum eða körlum.

4. gr.

Öll störf í hraðfrystihúsum, verksmiðjum og við iðju og iðnað o. s. frv. skulu enn fremur greidd sama kaupi, hvort sem unnin eru af konum eða körlum. Skulu sérákvæði öll í samningum stéttarféлага um lægri kaupgjaldsákvæði kvenna falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á þinginu 1948 flutti Hannibal Valdimarsson í efri deild frumvarp til laga „um réttindi kvenna“. Þetta frumvarp var um algert jafnrétti kvenna og karla á öllum sviðum þjóðlífsins. Í umræðum, sem þá urðu um málið, viðurkenndu flestir þingmenn, er í þeim tóku þátt, að misrétti kvenna í launamálum væri augljóst, og létu sumir þeirra líklega um fylgi við frumvarpið, ef það fjallaði einungis um launajafnrétti kvenna og karla. — Málið var svæft í nefnd.

Á þinginu 1953 flutti Hannibal frumvarpið aftur, og var efni þess nú einungis um launajafnrétti kvenna. Heiti þess var: „Frv. til l. um sömu laun kvenna og karla“, og er frumvarp það, sem hér er flutt, samhljóða því. — Að þessu sinni gerðust þeir Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson og Eggert G. Þorsteinsson meðflutningsmenn að frumvarpinu. — Ekki náði málið samt fram að ganga.

Á næsta þingi, 1954, flutti Hannibal „frumvarpið um sömu laun kvenna og karla“ í þriðja sinn. Að þessu sinn flutti hann frumvarpið einn. — Eins og áður snerust íhaldsöflin gegn því, og náði það ekki fram að ganga.

Nú er málið flutt í fjórða sinn, og viljum við, þingmenn Alþýðubandalagsins, sem nú berum það fram, vænta þess, að eftir öll þessi ár, sem málið hefur verið á dagskrá, hafi mönnum aukizt svo skilningur á þessu jafnréttis- og mannréttindamáli, að það fái að þessu sinni meirilutastuðning á Alþingi og verði gert að lögum.

Samkvæmt lögnum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, skulu konur, sem eru opinberir starfsmenn, hafa sömu laun og karlar. Þetta er líka þannig í framkvæmd að því er snertir sumar stéttir embættismanna. Engum dettur nú t. d. í hug, að konan í kennarastétt eigi að hafa lægri laun fyrir sitt kennarastarf en karlmaðurinn, stéttarbróðir hennar. Það mundi og þykja fjarstæða, að kona í læknisstarfi eða kona, sem væri lögfræðingur, ætti að hafa lægri embættislaun eða vinna samkvæmt lægri taxa lækna eða lögfræðinga en karlmenn í þessum stéttum. — Sama má segja um margar aðrar stéttir embættis- og menntamanna.

Hins vegar verður því þó ekki á móti mælt, að hitt er líka til, að konur húi við áberandi launamisrétti við ýmiss konar störf í þjónustu hins opinbera — ríkis og bæjarfélaga. Verður þetta strax augljóst, þegar litið er á, hve sárafáar konur taka laun samkvæmt hæstu launaflokkum launalaga þrátt fyrir háan starfsaldur, — og á hinn bóginn, hversu yfirgnæfandi margar konur gegna störfum í lægstu launaflokkunum.

2. gr. þessa frumvarps er ætlað að taka af öll tvímæli um þetta. Með henni er það útilokað, að konur verði misrétti beittar við færslu milli launaflokka.

Þó að ótrúlegt sé, er launamisrétti kvenna óvíða meira en við verzlunar- og skrifstofustörf. Með 3. gr. frumvarpsins er kveðið skýrt á um það, að öll skrifstofustörf og afgreiðslustörf í verzlunum skuli greidd sama kaup, hvort sem þau eru unnin af körlum eða konum.

4. gr. fjallar um hvers konar erfiðisvinnu í þjónustu atvinnuveganna, svo sem störf í hraðfrystihúsunum, í verksmiðjum og yfirleitt við iðju og iðnað. Segir þar, að öll slík störf skuli greidd sama kaup, hvort sem unnin séu af konum eða körlum.

Er gert ráð fyrir, að launajafnréttið komist á með þeim hætti, að við gildistöku laganna skuli öll sérákvæði í kaupgjaldssamningum stéttarfélaganna um lægra kaup konum til handa falla úr gildi.

Við almenn erfiðisstörf í þjónustu atvinnuveganna ríkir nú álika ósamræmi um kaupgreiðslur kvenna eins og um launagreiðslur kvenna í opinberri þjónustu.

Stéttarfélagin hafa náð sanningum við atvinnurekendur um, að konum skuli greitt karlmannskaup við ýmis störf. Þannig hafa konur, sem flaka fisk í hraðfrystihúsunum, víðast hvar karlmannskaup, en konur, sem önnur störf vinna í sömu fyrirtækjum og afkasta þó eigi minna verki en karlmenn mundu afkasta í þeirra sporum, hafa tæp 80% af kaupum karla.

Yfirleitt er almennt kaup verkakvenna nú um 78% af tímakaupi karlmannna við almenna verkamannavinnu. — Þetta er óviðunandi ranglæti, enda skapar slíkt launamisrétti slíka úlfúð og óánægju á vinnustað, að miklum leiðindum veldur, og er atvinnulífinu auk þess tvímælalaust til tjóns.

Á alþjóðlegum vettvangi hefur Ísland hvað eftir annað skuldbundið sig til að koma á launajafnrétti kvenna.

Sumarið 1946 gerðist Ísland aðili að bandalagi Sameinuðu þjóðanna og tók á sig allar skyldur, sem því væru samfara, samkvæmt sáttmála bandalagsins. En í upphafi hans segir svo:

„Vér, hinar Sameinuðu þjóðir, staðráðnar í að staðfesta að nýju trú á grundvallarréttindi manna, virðingu þeirra og gildi, jafnrétti karla og kvenna og allra þjóða, hvort sem eru stórar eða smáar.“

Síðar í sáttmálanum segir:

„Hinar Sameinuðu þjóðir skulu ekki setja neinar takmarkanir á val karla og kvenna til þátttöku í hvaða störfum sem er við jöfn skilyrði.....“.

Sams konar ákvæði og þó öllu ákveðnari eru einnig í mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna.

Um það verður þannig ekki deilt, að með aðild sinni að bandalagi Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland skuldbundið sig til að stefna að algeru jafnrétti kvenna og karla, og mætti það vel verða heiður þessarar litlu þjóðar að stíga þar lokaskrefið á undan flestum öðrum þjóðum bandalagsins, sem stærri eru.

Eins og kunnugt er, er Ísland líka aðili að Alþjóðavinnuálagstofnuninni. Sú stofnun hefur gefið út hina svonefndu jafnlaunasamþykkt. Er Ísland eitt þeirra ríkja, sem hefur fullgilt hana og þannig skuldbundið sig til að stuðla að fullu launajafnrétti kvenna. — Nú hafa nágrannalönd okkar, Noregur og Danmörk, einnig fullgilt jafnlaunasamþykktina.

Verkalýðshreyfingin um heim allan hefur á stefnuskrá sinni að koma á fullu launajafnrétti kvenna. Þannig gerði Alþjóðasamband frjásra verkalýðsfélaga (I. C. F. T. U.), sem Alþýðusamband Íslands er meðlimur í, samþykkt um launajafnréttismál kynjanna á þingi sínu í Stokkhólmi sumarið 1953. Var þar lagt fyrir alþýðusamböndin hvert í sínu landi að herjast ötullega fyrir því, að sama kaup verði greitt konum sem körlum.

Íslensk verkalýðshreyfing hefur líka margsinnis lýst því yfir á þingum sínum, að launajafnrétti kvenna sé ekkert sérmál þeirra, heldur sé það almennt jafnréttis- og mannréttindamál, sem verkalýðssamtökin í heild hafi gert að sínu máli.

Vissulega hefur málinu miðað nokkuð í áttina á seinni árum, einkum vegna

baráttu verkalyðsfélaganna, en þó virðist svo sem seinfær ætli að verða samningaleiðin, og verður þá ekki annað séð en að löggjafarvaldinu beri skylda til að koma til liðs við réttan málstað. Og í trausti þess, að svo verði, er frumvarp þetta enn á ný fram borið.